



Hjúkrunar- og dvalarheimili

30. Stjórnarfundur stjórnar Lundar haldinn á Lundi 25. júlí 2017 kl. 09:00.

Mættir: Drífa Hjartardóttir, Hjalti Tómasson, Elín Grétarsdóttir, Þórhalla Guðrún Gísladóttir, Nanna Jónsdóttir, Ágúst Sigurðsson, Bjarni Jón Matthíasson undir lið 1, Jón Bergþór Hrafnsson KPMG undir lið 2, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir sem ritaði fundargerð.

Drífa setti fund og byrjar fundinn á að minnast Kjartans G. Magnússonar frá Hjallanesi fyrrum stjórnarmanns á Lundi með mínútu þögn en hann lést 13. júlí s.l.

1. Viðbygging

Bjarni Jón Matthíasson mætti á fundinn og fór yfir stöðu mála vegna viðbyggingar.

Verkfundargerðir 38 – 42 staðfestar. (EG situr hjá)

Lokaúttektarvottorð hefur verið gefið út af byggingafulltrúa.

Uppgjör viðbygging:

1. áfangi 106.534.359 kr. þar af viðbótarverk 6.061.241 kr.

2. áfangi verkstöðureikningar 139.191.485 þar af viðbótarverk 5.724.286. Enn ókárað varðandi lagnir í kjallara.

Heildarkostnaður við viðbyggingu með lóðarkostnaði og húsbúnaði stendur í 318.499.356 kr.

2. Ársreikningur 2016

Jón Bergþór Hrafnsson frá KPMG fór yfir ársreikning Lundar fyrir árið 2016.

Rekastrarniðurstaða: Tekjur: 378.855.261 kr.

Gjöld: 349.459.237

Rekstrarniðurstaða: 28.576.219 kr.

Ársreikningur samþykktur.

Hækkun á tekjum skýrist af hækkun dvalargjalda fyrir hjúkrunarrými um 11 % milli ára einnig fékkst eitt viðbótarhjúkrunarrými tímabundið vegna lokunar á Blesastöðum.

Leiðrétting varð á daggjöldum með tilkomu nýrra rammamanna við

Sjúkratryggingar Íslands.

Fulltrúi Ásahrepps óskar eftir að skýring finnist á 5 milljónum skv umræðum á 11. og 27. fundi stjórnar Lundar. Ágúst segir að ekki hafi fundist neitt yfir það frá Rangárbíngi ytra.

Ársreikningar fyrir gjafasjóð árið 2015 og 2016 samþykktir.

JH
MA
EG
V



Hjúkrunar- og dvalarheimili

3. **Fjárhagur yfirdráttur:** Stjórn Lundar óskar eftir samþykki sveitastjórna eftir ábyrgð sveitarfélagana á áframhaldandi yfirdrætti vegna viðbyggingar uppá 50 milljónir þar til uppgjör hefur farið fram. Lundur hefur lánað yfir til að brúa yfirdráttinn 42 millj. Samþykkt.
4. **Styrktarsamkoma:** Starfsfólk Lundar með dyggri aðstoð og hvatningu Ásmundar Friðrikssonar alþingismanns hélt styrktarsamkomu 24. maí s.l. í íþróttahúsinu á Hellu til að safna fyrir húsgögnum fyrir nýju deildina. Innkoma í peningum var 1.074.000 kr. En til viðbótar inneign í hjúkrunartækjum að upphæð 100.000. Matur var gefinn af SS, Reykjararði og Þykkvabæjar og allir listamenn gáfu vinnu sína. Ásmundi og starfsfólki Lundar þakkað fyrir þeirra framlag. Listi með gjöfum vegna viðbyggingar verður lagður fram á næsta fundi.
5. **Laun hjúkrunarfræðinga:** í mars s.l. kom í ljós að Lundur hafði ekki greitt hjúkrunarfræðingum ákv. eingreiðslu skv. samningum FÍH og SFV frá árinu 2014 vegna mismunandi túlkunar og undirritunar stofnansamnings. Lundur þurfti að leiðrétta þessi vangoldnu laun í maí s.l. og taka þátt í hækkun hjúkrunarfræðinga innan SFV um 1 launaflokk í stað eingreiðslunnar. Kostnaður við leiðréttinguna var 3.490.000 kr.
6. **Starfsemi Lundar eftir tilkomu viðbyggingar:**
Hjúkrunarforstjóri fór yfir helstu breytingar í starfsemi en breytingin og flutningar á nýja deild ollu verulegu álagi meðal starfsfólks og íbúa.
Vegna bættrar reskstrarafkomu hefur verið lögð áhersla á bæta mönnun og leiðrétta viðvarandi undimönnun. Öll áhersla stjórnenda Lundar hefur farið í að ná rekstrinum í lag og má segja að álagið hafi verið komið að þolmörkum. Í dag er ástandið betra, með bættri mönnun og allt er að komast í fastar skorður á ný.
Aukin raun stöðugildi vegna viðbyggingar eru 2 þar af 0,8 í ræstingu og 1,2 stöðugildi á kvöldin en stærð húsnæðis og fjarlægðir hafa kallað á meiri mönnun til að tryggja öryggi og viðeigandi þjónustu fyrir skjólstæðingana.

DN
UHG
EG



Hjúkrunar- og dvalarheimili

Með tilkomu nýrrar deildar var komið upp nýju tölvukerfi, nýju aðgangskerfi og nýju brunakerfi í allt húsið en lagnir brunakerfis í eldri hluta þörfnuðust endurnýjunar. Stjórn vill koma á framfæri þakklæti til starfsfólks, heimilismanna og aðstandenda vegna þátttöku í breytingunum.

7. Önnur mál: Stjórn leggur til að gerð verði erindisbréf fyrir stjórnarmenn Lundar út frá drögum að samþykktum fyrir Lund og leggi fyrir næsta stjórnarfund. Drífu, Margréti Hörpu og Elínu falið að vinna að málinu.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin yfir og samþykkt. Fundi slitið kl. 12.

Drífu Hjartardóttir

Elfu Þmass

Einngrétasdóttir

Margrét Hope Grædtekud.

frimanamírsl.